



Spáum 8,7% verðbólgu í júní

Við spáum því að vísitala neysluverðs hækki um 1,3% milli maí og júní. Gangi spáin eftir fer 12 mánaða verðbólga upp í 8,7%, en hún mældist 7,6% í maí. Þetta er talsvert meiri hækkun en við spáðum síðast og skýrist fyrst og fremst af því að dæluverð á bensíni og díselolíu hefur hækkað mun meira en við áttum von á. Hagstofan birtir vísitöluna miðvikudaginn 29. júní.

Fjórir undirliðir skipta mestu máli núna - matarkarfan, reiknuð húsaleiga, eldsneyti og flugfargjöld til útlanda. Við teljum að samtals verði áhrif þessara fjögurra liða um 1,0% til hækkunar og skýra liðirnir um 80% af hækkun verðlags milli mánaða, en þessir fjórir liðir eru 40% af vísitölunni.

Þetta er mun meiri hækkun en við gerðum ráð fyrir þegar við birtum síðast spá í maí, en þá áttum við von á að vísitalan myndi hækka um 0,8% milli mánaða í júní. Skýrist það aðallega af því að bensín hefur hækkað miklu meira en við áttum von á.

Við spáum því að verðlag án húsnæðis hækki um tæplega 1,2% á milli mánaða. Gangi sú spá eftir mun verðbólga án húsnæðis mælast 6,5% í júní.

Eldsneytisverð í heiminum hækkar geyst

Við eigum von á að dæluverð hækki um 8% milli mánaða vegna hækkana á heimsmarkaðsverði á olíu. Bensínverð hefur einungis tvisvar hækkað meira en 8% síðan mælingar hófust 1997. Í mars í ár og apríl 2009 hækkaði bensínverð um 8,2%.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu er núna rétt undir 130 USD. Til samanburða var það að meðaltali 113 USD í maí í ár og 78 USD í júní í fyrri. Það hefur því hækkað um 15% milli mánaða og 78% milli ára. Verðbreytingar á heimsmarkaðsverði hráolíu skila sér þó aldrei með hlutfallslega sama hætti í dæluverði þar sem hluti af verðinu hér á landi er föst krónutala. Einnig verður að hafa í huga að breytingar á heimsmarkaðsverði á olíu skila sér yfirleitt ekki strax inn í dæluverð, heldur getur tekið tvo til þrjú mánuði fyrir öll áhrifin að koma fram.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	15,1%	1,3%	0,20%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,1%	0,00%
Föt og skór	3,5%	0,3%	0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	10,3%	0,4%	0,04%
Reiknuð húsaleiga	19,2%	2,1%	0,41%
Húsgögn og heimilisb.	6,5%	-0,2%	-0,01%
Heilsa	3,8%	0,0%	0,00%
Ferðir og flutningar (annað)	4,1%	0,3%	0,01%
Kaup ökutækja	6,1%	0,3%	0,02%
Bensín og díselolía	3,7%	8,0%	0,30%
Flugfargjöld til útlanda	1,6%	7,5%	0,12%
Póstur og sími	1,7%	-0,3%	0,00%
Tómst. og menning	9,4%	0,4%	0,04%
Menntun	0,7%	0,0%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,9%	1,5%	0,07%
Aðrar vörur og þjónusta	7,0%	0,9%	0,07%
Alls	100,0%		1,27%

Heimsmarkaðsverð á olíu (Brent)



Heimild: Macrobond



Flugfargjöld komin á sama stað og fyrir faraldur


Hagstofan hélt flugfargjöldum til útlanda óbreyttum á meðan flug lá að mestu niðri í heimsfaraldrinum. Mælingar Hagstofunnar virðist nú vera komnar í samt lag, en það sem af er ári hefur verið á flugfargjöldum til útlanda fylgt verðinu frá 2019 mjög vel eftir. Við eigum samt von á að flugfargjöld hækki aðeins meira milli mánaða í júní í ár en í sama mánuði 2019. Eftir því sem líður á árið eigum við von á að flugmiðinn til útlanda hækki miðað við 2019 vegna hærri eldsneytiskostnaðar og aukinnar eftirspurnar.

Matur og húsnæði halda áfram að hækka

Við eigum von á að matarkarfan hækki vegna hækkana á matvörum erlendis frá. Við eigum síðan von á að reiknuð húsaleiga hækki um rúmlega 2% milli mánaða sem er svipað hækkun og hefur verið síðustu mánuði, en við sjáum afar lítil merki þess að farið sé að hægja á verðhækkunum á fasteignamarkaði.


Spá okkar til næstu mánaða gerir nú ráð fyrir 0,4% hækkun í júlí, 0,7% hækkun í ágúst og 0,1% hækkun í september. Gangi þetta eftir mun verðbólgan fara hæst í 9,1% í ágúst áður en hún lækkar í 8,7% í september.

Flugfargjöld til útlanda



Heimild: Macrobond

Reiknuð húsaleiga



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.